

Reglur Kraftlyftingasambands Íslands um Þjálfararáð KRAFT

1. gr.

Hlutverk þjálfararáðs er:

- a. Að vera samráðsvettvangur þjálfara allra félaga innan KRAFT.
- b. Að koma með tillögur til stjórnar KRAFT um þjálfunarmál, s.s. kennslu, námskeið og annað sem stuðlar að uppbyggingu íþróttarinnar.
- c. Önnur þau verkefni sem stjórn KRAFT kann að fela ráðinu.

2. gr.

Þjálfararáð heyrir undir stjórn KRAFT.

Þjálfararáð er skipað einum þjálfara frá hverju aðildarfélagi KRAFT. Félag sem á ekki menntaðan þjálfara skipar þann aðila í ráðið sem ber ábyrgð á uppbyggingu þjálfaramála hjá félaginu.

Skipan ráðsins skal vera aðgengileg á kraft.is.

Félag sem er í skuld við KRAFT/ÍSÍ eða í keppnisbanni skv. reglum KRAFT/ÍSÍ missir sitt sæti í ráðinu.

3. gr.

Þjálfararáð kemur sér saman um formann sem heldur skrá yfir meðlimi þess á hverjum tíma og sendir stjórn KRAFT. Hann sér jafnframt um uppfærslu á skránni þegar breytingar verða á ráðinu.

4. gr.

Þjálfararáð skal funda eins oft og þurfa þykir og mega fundirnir fara fram með rafrænum hætti.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi 23.maí 2017